

FUNDARGERÐ

**162. fundur skipulags-og bygginganefndar
var haldinn í fundarsal á 3. hæð, mánudaginn 2. september 2013 og hófst
kl. 20:00**

Mætt/ir:

Hermundur Pálsson – formaður (HP)
Hinrik Hjartarson (HH)
Lára Gunnarsdóttir (LG)
Ásgeir Gunnar Jónsson (ÁGJ)
Katrín Gísladóttir (KG)

Þorbergur Bæringsson – Slökkviliðsstjóri Stykkishólms og nágrennis
Sigurbjartur Loftsson – Skipulags- og byggingarfulltrúi sem ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar er óskað eftir að taka fyrirspurn (Laufásvegur 1) inn á fundinn sem var ekki á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Byggingarleyfi

1. 1308040 - Umsókn um byggingarleyfi - Silfurgata 13 - Smáhýsi

Sótt er um 7.2m² smáhýsi á lóðarmörkum við Silfurgötu 15. Skriflegt samþykki aðliggjandi nágrannalóðar fylgir með umsókn samkv. 2.3.5. gr lið g.6 í byggingarreglugerð.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir umsóknina með fyrirvara um samþykki meðeiganda að Silfurgötu 13.

2. 1308045 - Hraðaskilti við vegamót Stykkishólmsvegur og Hamraenda.

Grétar Daníel Pálsson sækir um fyrir hönd Starfsmannafélags Rarik í Stykkishólmi kt 571194-2529 heimild til uppsetningar á hraðaskilti við þjóðveg ofan Hamraenda. Meðfylgjandi er afstöðumynd. Nákvæm staðsetning verði í samráði við skipulags- og byggingafulltrúa og Vegagerðina.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir umsóknina.

Fyrirspurn

3. 1308048 - Fyrirspurn um að fá að gera bílastæði við suður enda lóðar nr. 17. Lágholti.

Samkvæmt meðfylgjandi mynd með aðkomu frá Árnatúni. Búið er að ræða við nágrannan (Árnatún 9) og er hann samþykkur þessari hugmynd.

Skipulags- og byggingarnefnd tekur vel í fyrirspurnina, en óskar eftir uppdrætti sem sýnir að hægt sé að koma fyrir bílastæði á þessum stað með góðu snúnings aðgengi. Óskað er eftir skriflegu samþykki eiganda Árnatúns 9 og tryggja þarf öryggi gangandi og hjólandi vegfaranda

- 1309001 - Laufásvegur 1, Gréta Sigurðardóttir kt: 170547-7999 leggur inn fyrirspurn um breytingu á deiliskipulagi, stækkun á lóð til austurs að*
4. *Skúlagötu, koma fyrir tveim nýjum bílastæðum við Skúlagötu og ósk um breytingu og stækkun á íbúðarhúsnæði í átt að Skúlagötu samkv. meðfylgjandi gögnum dags: 02.09.2013.*

Sjá bréf með lýsingu og uppdráttum.

Skipulags- og byggingarnefnd frestar afgreiðslu og óskar eftir betri „3D“ myndum af lóðinni þar sem nákvæmar hæðir á lóðinni eru settar inn allt í kringum húsið og núverandi sólpallur settur inn í réttri hæð. Skuggavarp að Skúlagötu 24 skoðað samhliða.

Fundi slitið kl: 21:00

02.09.2013

Sigurbjartur Loftsson, skipulags-og byggingafulltrúi.